

væri seld þeim með þessu tíundarfrelsi, þá ber að staðfesta hinu áfrýjaða úrskurð. Málskostnaður virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 13. ágústmán.

Nr. 23/1888.

Rjettvísín

gegn

Hallgrími Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Skagafjarðarsýslu, upp kveðnum 2. febrúarmán. þ. á., er hinn ákærði, Hallgrímur Jónsson, dæmdur fyrir þjófnað til að sæta fangelsishegningu við venjulegt fangaviðurværi í 2 daga, og til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 4 krónur sem málsvarnarlaun í hjeraði. Dómi þessum er áfrýjað til yfirdómsins, bæði eptir beiðni hins ákærða og af hálfu hins opinbera.

Það er sannað í máli þessu með skýrslu hins ákærða og öðrum vitnisburðum, að hann hafi sumarið 1884 stolið úr kjallara á Hofsóms um 5 pd. af munntóbaki; sumt af því var þegar tekið aptur úr hirzlum hans; hitt hefur hann borgað, en hefur eigi getað gjört grein fyrir, hvernig hann hafi hagnýtt sjer það.

Hinn ákærði hefur borið það fram, að hann hafi verið svo drukkinn, er hann framdi þennan þjófnað,

að hann hafi verið viti sínu fjær, og kemur þetta heim við skýrslu konu hans, svo og framburð manns þess, er átti hið stolna tóbak eða hafði umráð yfir því. Það verður þó eigi álitíð, að hinn ákærði hafi verið sjálfsmeðvitundarlaus, er hann framdi þjófnaðinn, sbr. 40. gr. hegningarlaganna, úr því að hann síðar gat gefið nokkurnveginn greinilega skýrslu um verknaðinn, og getur hann því eigi komizt hjá, að sæta refsingu fyrir þetta afbrot. Hinn ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, hefur aldrei áður sætt ákæru, dómi nje refsingu fyrir nokkurn glæp, en er talinn skertur að skynsemi og greind, þótt ódrukkinn sje, og bæklaður á líkama. Refsing sú er hann hefur til unnið fyrir ofan nefnt afbrot, þykir því hæfilega ákveðin 20 kr. sekt samkvæmt 230. og 40. grein hegningarlaganna 25. júní 1869, og komi í hennar stað 6 daga einfalt fangelsi, svo framarlega hún eigi greiðist innan ákveðins tíma. Allan kostnað sakarinnar á hinn ákærði að greiða, þar með talin málsvarnarlaun í hjerði 4 kr., og málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 krónur til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi hefur verið vítalaus.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Hallgrímur Jónsson, á að greiða 20 kr. sekt til landsjóðs, en sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin öll eigi verður greidd innan ákveðins tíma. Svo greiði hann og allan kostnað máls þessa, bæði fyrir undirrjetti og

yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun til svara-
manns í hjeradi, Árna lækni Jónssonar, 4 krónur,
og málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir
yfirdómi, málflytningsmannanna Guðl. Guðmunds-
sonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna
frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 29/1888.

Rjettvísni

gegn

Guttormi Skúlasyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjeradi höfðað gegn hinum ákærða,
Guttormi Skúlasyni, fyrir misþyrmingu á hundi og
æðarfugladráp, og er hann með dómi aukarjettar Sud-
urmúlasýslu, upp kveðnum 31. okt. f. á., dæmdur fyr-
ir brot þessi til að sitja í einföldu fangelsi í 1 — einn —
mánuð, og til að greiða allan kostnað sakarinnar.
Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins ept-
ir beiðni hins ákærða.

Það er með játningu hins ákærða og öðrum skýrsl-
um í málinu sannað, að hann galti hund, sem hann
eignaðist haustið 1886, en eigi vildi tolla heima hjá
honum, með því móti að hann reyrdi seglgarni fyrir
ofan eystun á hundinum. Þetta gjörði hann eptir vetur-
nætur 1886, skeytti síðan ekkert um hundinn, svo
að hann komst á flæking, þangað til maður sá, er
áður hafði átt hundinn, tók hann heim til síu á þorr-
anum næst á eptir. Hafði þá grafið í eystnakyllin-
um sakir meðferðar þessarar, annað eystað var graf-